

Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

26. fundur 16. mars 2005

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 16. mars 2005 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 15.30.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leos Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. 50 ára afmælishátíð Kópavogs.
2. Önnur mál.

1. 50 ára afmælishátíð Kópavogs.

- a) Í því sambandi vísaði héraðsskjalavörður til tölvubréfs, dags. 10. mars, sem Linda Udengard hafði skrifað í umboði afmælisnefndar, en Jón Júlíusson sent héraðsskjalaverði fjórum dögum síðar. Þar er þess óskað að komið verði upp í héraðsskjalasafninu sýningu undir heitinu "Börn í Kópavogi í 50 ár". Tekið var fram í bréfinu að afmælisnefndin teldi að sú sýning veki áhuga unga fólksins sem nefndin vildi gjarnan að atburðir afmælisársins næðu til. Einnig gætu skólarnir nýtt sér hana í ýmiss konar "þemavinnu". Stjórnin taldi þetta góða hugmynd og fagnaði því að þegar er byrjað að leita að heppilegum myndum í ljósmyndasafni héraðsskjalasafnsins og hjá bæjarbúum. Sýningin verður í húsakynnum safnsins, en einnig verða settar upp myndir sem varða veginn þaðan að bókasafninu eins og fordæmi er fyrir.

Í þessu sambandi kom fram óánægja með að í auglýsingum, m.a. í sjónvarpi eftir áramótin, þar sem upp væru talin söfn og menningarstofnanir bæjarins, hefði það endurtekið sig að Héraðsskjalasafns Kópavogs væri aðengu getið (sbr. 24. fg., 6.1.). Ekkert hefði verið gert með kvörtun héraðsskjalavarðar af því tilefni. Þessu vill stjórnin að verði breytt og fól héraðsskjalaverði að minna á það og hafa samband við bæjarstjóra um málið.

- b) Stjórnin hafði í haust samþykkt að gefinn skyldi út kynningarblöðungur um safnið (sbr. 24. fg., 6.1.). Héraðsskjalavörður upplýsti að Frjáls miðlun sæi um gerð hans og kæmi hann út kringum bæjarafmælið í maí.
- c) Fram kom í fyrrgreindu tölvubréfi að unnið væri að afmælismyndabók á vegum bæjarins. Starfsmaður safnsins, Kristín Þorgeirsdóttir, hefur komið við sögu í þeirri vinnu.
- d) Héraðsskjalavörður kvaðst hafa tekið saman nokkra punkta um sögu Kópavogs. Hann var eindregið hvattur til þess að koma þeim á framfæri í safninu vegna bæjarafmælisins og leita um leið til Þjóðskjalasafnsvegna skjala sem sýna mætti og varða fyrri alda sögu Kópavogs. Samþykkt var að kaupa fjögur IKEA-sýningarborð (e.k. "vitrines") til nota í safninu.

2. Önnur mál.

a) Héraðsskjalavörður gerði stjórninni grein fyrir undirbúningi vestnorræns þings skjalavarða sem halda á 31. ágúst-5. sept. í haust á Grænlandi. Þar er búist við að fjallað verði um rafræna skjalavörslu, húsa- og byggingarsögu, stjórnsýslusögu og samstarf um rannsóknir. Héraðsskjalavörður hefur hug á að sækja þingið og þarf að segja til um þátttöku sem fyrst. Stjórnin fellst á ósk hans, þó með fyrirvara um kostnað, þar sem enn er eftir að hnýta ýmsa lausa enda í sambandi við þingið og ferðalagið, m.a. varðandi styrki.

b) Ákveðið var að stefna að næsta fundi í byrjun apríl.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 17.20.

Hilmar Björgvinsson
formaður

Hjörtur Pálsson
ritari

Gylfi Gröndal
meðstjórnandi

Leo Ingason
héraðsskjalavörður